

## Svar

matvælaráðherra við fyrirspurn frá Teiti Birni Einarssyni um gjöld vegna fiskeldis.

1. *Hversu mikið hafa fiskeldisfyrirtæki greitt í fiskeldisgjald, aflagjald og gjald í Umhverfissjóð sjókvíaeldis frá árinu 2010 á föstu verðlagi ársins 2022?*

Fiskeldisgjaldið kom til framkvæmda árið 2020 með lögum um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, nr. 89/2019. Í lögnum felst sjö ára aðlögunartímabil fyrir rekstraraðila á þann veg að gjaldstofninn sem útlistaður er í lögnum tekur ekki fullt gildi fyrr en 2026. Út frá þeirri aðferðafræði sem útlistuð er í lögnum er lagt gjald á hvert kílógramm slátraðs lax. Gjald per kg var árið 2020: 1,87 kr., 2021: 3,99 kr., 2022: 11,93 kr. og 2023: 18,33 kr.

Samkvæmt lögnum skal hluti af gjaldinu sem innheimtist renna til Fiskeldissjóðs.

Gjald vegna Umhverfissjóðs sjókvíaeldis kom inn með breytingalögum nr. 49/2014, sem breyttu lögum um fiskeldi, nr. 71/2008. Rekstrarleyfishöfum er gert að greiða árlegt gjald sem samsvarar um 20 SDR (eða um 3.700 kr. miðað við gengi Seðlabankans í maí 2023) fyrir hvert tonn leyfilegs hámarkslífmassa.

Í töflu hér fyrir neðan má sjá yfirlit gjalda og úthlutunarfjárhæð sjóðanna.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Gjald vegna umhverfissjóðs	50.844.885	91.509.294	95.951.455	86.143.829	118.593.049	149.703.260	267.546.606	320.738.343	335.562.161	
Framleiðslugjald sjókvíeldis							60.353.064	163.739.855	441.075.204	
Úthlutunar fjárhæð Umhverfissjóðs	86.082.047	114.623.832	112.701.585	110.742.664	131.840.369	127.957.746	226.229.508	214.660.878	191.900.000	188.300.000
Úthlutunar fjárhæð Fiskeldissjóðs								113.720.445	185.100.000	247.700.000

Aflagjöld eru innheimt samkvæmt hafnalögum, nr. 61/2003, en þau lög eru á forræði innviðaráðherra.

Upplýsingarnar um gjöld eru fengnar frá Matvælastofnun og Fiskistofu sem fara með umsjón innheimtu gjaldanna. Fjárhæð úthlutana er í samræmi við framlög úr ríkissjóði á hverjum tíma.

2. *Hversu miklu er áætlað að fyrrnefnd gjöld muni skila á næstu fimm árum á verðlagi ársins 2022 miðað við þau lög sem eru í gildi?*

Í töflu hér fyrir neðan má sjá spá um áætlun á þróun gjalda.

	2023	2024	2025	2026	2027
Gjald vegna umhverfissjóðs	361.871.820	405.612.450	405.612.450	405.612.450	405.612.450
Framleiðslugjald sjókvíeldis	1.009.658.458	1.283.795.004	1.596.922.044	2.018.332.027	2.173.588.337

Hækkun á framleiðslugjaldinu á spátímabilinu á sér einkum stað vegna væntinga um aukið framleiðslumagn og þar sem aðlögunartímabil fyrir gjaldstofninn hefur tekið fullt gildi árið 2026. Ráðuneytið bendir á að óvissa er um marga þá þætti sem hafa áhrif á gjaldið. Sú óvissa felst í verðlagsbreytingum, gengisþróun, leyfisveitingum og framleiðslumagni.